




Canterville-draugurinn

eftir

Oscar Wilde

Verkefnahefti



Fyrsti kafli

1. Hver keypti Canterville Chase?
2. Af hverju hafði Canterville-fjölskyldan forðast setrið?
3. Hverju svaraði herra Otis þegar lávarðurinn sagði honum frá draugnum?
4. Segðu stuttlega frá frú Otis.
5. Hvað var það að mati frú Otis sem var einkum ólíkt með Englendingum og Ameríkönnum?
6. Hver voru börn Otis-hjónanna?
7. Hvað breyttist þegar fjölskyldan ók inn heimreiðina á Canterville Chase?
8. Hvað hét ráðskonan sem tók á móti Otis-fjölskyldunni?
9. Hve lengi hafði blóðbletturinn verið á teppinu í bókastofunni og úr hverjum var þetta blóð?
10. Hvað varð til þess að frú Umney féll í yfirlið?
11. Hvernig útskýrði herra Otis veðurfarið á Englandi?

Annar kafli

1. Hvað var breytt þegar fjölskyldan kom niður morguninn eftir?
2. Hvaða skýringu taldi Washington Otis sennilegasta á því að blóðbletturinn væri kominn aftur?
3. Hvaða bresku leikkonu er talað um í kaflanum?
4. Hvaða mun taldi Otis-fjölskyldan á framburði New York-búa og Lundúnabúa?
5. Lýstu draugnum sem herra Otis sá á ganginum.
6. Hvers krafðist herra Otis af draugnum?
7. Hvað fannst draugnum um viðbrögð Otis-fjölskyldunnar?
8. Hvað ákvað draugurinn að gera til að svara fyrir sig?

Þriðji kafli

1. Hvað hugðist herra Otis gera ef ekki yrði breyting á framferði draugsins?
2. Af hverju ætli blóðbletturinn hafi verið í ólíkum litbrigðum?
3. Af hverju var draugurinn ekki í brynjunni þegar fjölskyldan kom á vettvang?
4. Hvað færði frú Otis draugnum og af hverju?
5. Hvernig leið draugnum eftir annan fund sinn við fjölskylduna?
6. Hvað ætlaði draugurinn að gera 17. ágúst?
7. Hvaða fjölskyldumeðlim ætlaði draugurinn aðeins að hræða lítillaga?
8. Af hverju misheppnaðist þriðja atлага draugsins?

Fjórði kafli

1. Hvernig mætti best lýsa hugarástandi draugsins eftir að hafa verið fjórar vikur í samvistum við Otis-fjölskylduna?
2. Á hvaða hátt breyttist framferði draugsins á þessum tíma?
3. Hvernig hafði draugurinn haft áhrif á líf lafði Barböru Modish?
4. Hvað var langt síðan draugurinn hafði birst sem jarlinn höfuðlausi?
5. Hvað fór herra Otis að gera þegar draugurinn hætti að birtast?
6. Af hverju vakti ungi hertoginn af Cheshire áhuga draugsins?
7. Hvað gerðist nýársnóttina árið 1764?

Fimmti kafli

1. Hvernig reyndi Virginía að hughreysta drauginn?
2. Af hverju fannst draugnum fráleitt að biðja hann um að breyta hegðun sinni?
3. Hvaða glæp hafði draugurinn framið í lifanda lífi?
4. Hvernig hafði draugurinn endað sína daga?
5. Hverju hafði draugurinn stolið frá Virginíu?
6. Hvernig var blóð Canterville-fjölskyldunnar á litinn samkvæmt draugnum?
7. Hvað ráðlagði Virginía draugnum að gera?
8. Af hverju taldi Virginía að draugnum mundi líða betur í Ameríku?
9. Hvers óskaði draugurinn sér helst?
10. Hvað þurfti Virginía að gera til að hjálpa draugnum að finna frið?

Sjötti kafli

1. Hvað hélt Otis fjölskyldan að hefði komið fyrir Virginíu?
2. Hver fór með herra Otis að leita að Virginíu?
3. Hvað var Virginía með í höndunum þegar hún birtist þeim aftur?
4. Hvað sáu tvíburarnir út um gluggann á klefanum þar sem draugurinn hafði látið lífið?

Sjöundi kafli

1. Hvað voru svörtu gæðingarnir margir sem drógu líkvagninn?
2. Hverjir voru viðstaddir jarðarför draugsins?
3. Úr hverju var krossinn sem lagður var á kistuna?
4. Hvert var skírnarnafn draugsins?
5. Hvað varð um gjafirnar sem draugurinn hafði látið Virginíu fá?
6. Hvað átti Virginía draugnum að þakka?

Umhugsunar- og ritgerðarefni

- A. Sagan er skrifuð af Englendingi. Má merkja einhver viðhorf til Ameríkumanna almennt í sögunni til dæmis hroka, yfirlæti og/eða aðdáun?
- B. Hvernig myndir þú lýsa þessari sögu eftir Oscar Wilde? Er þetta hefðbundin draugasaga eða eitthvað annað?
- C. Veldu eina persónu sögunnar og segðu frá henni.